

## Sif Konráðsdóttir

### Efni: Afgreiðsla athugasemda við tillögu að Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012 – 2024.

Á fundi Svæðisskipulagsnefndar Eyjafjarðar hinn 9. sept. 2013 var til umfjöllunar afgreiðsla athugasemda sem borist höfðu við tillögu að Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012 – 2024. Athugasemdafrestur rann út 30. ágúst 2013 og bárust athugasemdir frá tveimur aðilum auk þín. Skipulagsnefndin samþykkti á umræddum fundi að senda tillögu sína að svæðisskipulaginu ásamt athugasemdunum og tillögu að afgreiðslu þeirra til viðkomandi sveitarstjórna samanber 2. mgr. 25. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Allar sveitarstjórnirnar hafa nú samþykkt tillögur nefndarinnar án athugasemda og er sú niðurstaða bókuð á fundi hennar hinn 26. nóv. 2013.

Með vísan til framanskráðs hafa athugasemdir/ábendingar þínar í 7 tl. í bréfi dags. 25. ágúst 2013 verið afgreiddar með eftirfarandi hætti:

- 1. tl., meginatriði athugasemdarinnar:** Bent er á að vísað er í kerfisáætlun Landsnets 2011-2015 í forsenduhefti. “Eðlilegt væri að vísa til nýjustu áætlana fyrirtækisins, þ.e. kerfisáætlunar 2013-2017, sem birt var í apríl 2013.tl.”

**Afgreiðsla nefndarinnar:** Í forsenduhefti eru birt þau gögn og forsendur sem lágu fyrir þegar unnið var að skipulagstillögunni. Forsendur verða ekki uppfærðar til samræmis við ný gögn þar sem þær hafa ekki áhrif á meginatriði skipulagstillögunnar.

- 2. tl., meginatriði athugasemdarinnar:** Bent er á að með úrskurði umhverfis- og auðlindaráðherra frá maí 2013 var kveðið upp úr um að kerfisáætlun landsnets skuli sæta umhverfismati áætlana skv. lögum nr. 105/2006. *“Rétt er að geta þess úrskurðar í forsendum svæðisskipulags og jafnframt þeirrar staðreyndar að kerfisáætlanir Landsnets hafi enn ekki sætt lögbundnu umhverfismati”.*

**Afgreiðsla nefndarinnar:** Sjá svar við tl. 1. Umræddur úrskurður hefur ekki áhrif á skipulagstillöguna en styður stefnu svæðisskipulagsnefndar og útfærslu ákvæða um flutningslínur raforku.

- 3. tl., meginatriði athugasemdarinnar:** Gerð er athugasemd við umfjöllun á bls. 69 í forsenduhefti um þörf fyrir aukna flutningsgetu raforku vegna aflþýnnuverksmiðju Becromal á Akureyri. Bent er á að rekstur sé ekki í samræmi við upphaflegar áætlanir. Spurt er hvort almennt sé *„ástæða til að greina betur frá forsendum þeirra fullyrðinga sem fram koma í tilvitnuðum texta, þar sem þær virðast ekki studdar traustum eða uppfærðum heimildum“.*

**Afgreiðsla nefndarinnar:** Í svæðisskipulaginu er ekki litið til orkuþarfar einstakra notenda þótt þeir séu tilgreindir í Kerfisáætlun Landsnets. Í endurskoðaðri kerfisáætlun er gert ráð fyrir óbreyttri orkuþörf inn á svæðið þótt tímaáætlun sé breytt. Endurskoðunin hefur ekki áhrif á útfærslu svæðisskipulagsins.

- 4. tl., meginatriði athugasemdarinnar:** Gerð er athugasemd við afmörkun náttúruminjasvæðis 505 [Hraunsvatn, Vatnsdalur] á uppdrætti á bls. 76 í forsenduhefti.

„Rétt er að teikna svæðið upp í samræmi við texta náttúruminjaskrárinnar.“ Vísað er á UST um þetta atriði.

**Afgreiðsla nefndarinnar:** Afmörkun á umræddum uppdrætti byggist á gögnum (hnitsettri teikningu) frá UST, óbreyttum. Texti UST um svæði 505 gildir og hefur vísun í hann verið bætt í myndatexta í kafla 13.4. Mælikvarði V. uppdráttar gefur ekki tilefni til leiðréttingar og vísast í þessu sambandi til gagna UST.

**5. tl., meginatriði athugasemdarinnar.** Bent er á ranga vísun í myndaskrá í forsenduhefti.

**Afgreiðsla nefndarinnar:** Leiðrétt.

**6. tl., meginatriði athugasemdarinnar:** Tillaga að svæðisskipulagi setur fram markmið um flutningsleiðir raforku í kafla 3.4.4 á bls. 14. *“Tillagan og rökstuðningur hennar er til fyrirmyndar en í henni felst skýrt afmörkuð afstaða. Við hana mætti þó bæta að ekki séu forsendur til að taka afstöðu til þeirra flutningsmannvirkja sem kerfisáætlun Landsnets getur um, fyrr en sú áætlun hafi sætt umhverfismati áætlana lögum samkvæmt, í samræmi við úrskurð ráðherra frá maí 2013 sem að ofan er getið”.*

**Afgreiðsla nefndarinnar:** Sjá svar við tl.1. Umræddur úrskurður hefur ekki áhrif á skipulagstillöguna en styður stefnu svæðisskipulagsnefndar og útfærslu ákvæða um flutningslínur raforku.

**7. tl., meginatriði athugasemdarinnar:** Bent er á að fullyrðing í kafla 4.4.1 í umhverfisskýrslu um að umhverfisáhrif nýrrar flutningslínu raforku (Blöndulínu 3) hafi verið metin sé ekki nákvæmt orðalag. Umfangsmikil efnistaka og línuvegir hafi ekki verið metnir. *„Rétt væri að geta hvorutveggja í umhverfisskýrslu svæðisskipulagsins auk þess sem nefna má að til meðferðar er hjá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála krafa um að meta sameiginlega umhverfisáhrif þeirra kafla hringtengingar raforkukerfisins á 220kV sem kynntir hafa verið; það er Blöndulínu 3, Kröflulínu 3 og línu frá Akureyri til Kröflu, sem kölluð hefur verið Hólasandslína 3. Nokkuð stendur því útaf hvað varðar umhverfismat framkvæmdarinnar sem vísað er til, auk þess sem að framan getur, um að kerfisáætlunin sem um meginflutningskerfið fjallar, og er grundvöllur framkvæmdanna, hefur enn ekki verið umhverfismetin, þrátt fyrir að ráðherra hafi úrskurðað um lagaskyldu til þess í maí sl.“*

**Afgreiðsla nefndarinnar:** Texti í kafla 4.4.2 í umhverfisskýrslu hefur verið uppfærður til samræmis við álit Skipulagsstofnunar um umhverfismat Blöndulínu 3 frá Blöndustöð til Akureyrar frá 29. janúar 2013. Ekki verður getið um mál sem eru til meðferðar hjá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

**Landsnet.**

## **Efni: Afgreiðsla athugasemda við tillögu að Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012 – 2024.**

Á fundi Svæðisskipulagsnefndar Eyjafjarðar hinn 9. sept. 2013 var til umfjöllunar afgreiðsla athugasemda sem borist höfðu við tillögu að Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012 – 2024. Athugasemdafrestur rann út 30. ágúst 2013 og bárust athugasemdir frá tveimur aðilum auk Landsnets. Skipulagsnefndin samþykkti á umræddum fundi að senda tillögu sína að svæðisskipulaginu ásamt athugasemdunum og tillögu að afgreiðslu þeirra til viðkomandi sveitarstjórna samanber 2. mgr. 25. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Allar sveitarstjórnirnar hafa nú samþykkt tillögur nefndarinnar án athugasemda og er sú niðurstaða bókuð á fundi hennar hinn 26. nóv. 2013.

Svæðisskipulagsnefndin hefur dregið saman í 3 aðalatriði athugasemdir og ábendingar Landsnets og afgreitt þær með eftirfarandi hætti:

**1. aðalatriði:** Landsnet mótmælir harðlega að Blöndulína 3 verði tekin út af skipulagi og fer fram á að hún verði sett fram eins og í eldri skipulagstillögu frá 12. september 2011.

*„Vísad er til þess að hún er nú þegar skilgreind á aðalskipulagi Hörgársveitar og Akureyrar sem staðfest var af umhverfisráðherra, auk þess sem fyrir liggur álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum línunnar. Það er því í ósamræmi við skipulagslög að leggja fram stefnumótun um flutningskerfi raforku sem er í ósamræmi við önnur skipulagsstig, sbr. 7. mgr. 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.“*

**Afgreiðsla nefndarinnar:** Úr skipulagslögum: *„Gildandi skipulagsáætlanir skulu vera í innbyrðis samræmi. Svæðisskipulag er réttþerra en aðalskipulag og aðalskipulag réttþerra en deiliskipulag. Við gerð nýrra skipulagsáætlana eða breytinga á skipulagsáætlunum skulu sveitarstjórnir taka mið af gildandi landsskipulagsstefnu.“*

Ekki er um ósamræmi að ræða þar sem svæðisskipulag er réttþerra en aðalskipulag. Þegar ákvörðun um framtíðarlegu raflína liggur fyrir verður gerð breyting á gildandi svæðisskipulagi og aðalskipulögum.

**2. aðalatriði:** Ábending um að eðlilegt sé að geta um nýja línu til austurs. Ekki liggur þó fyrir útfærsla á þverun Eyjafjarðar.

**Afgreiðsla nefndarinnar:** Almennt er fjallað um flutningslínur sem hafa 132 kV spennu eða hærri. Þá er nefnt að unnið sé að stefnumótun á landsvísu auk áhættugreiningar m.t.t. flugöryggis á Akureyrarflugvelli.

**3. aðalatriði:** Óskað er eftir rökum fyrir breyttri afstöðu frá skipulagstillögu 2011.

**Afgreiðsla nefndarinnar.** Vísad er til eftirfarandi texta í skipulagstillögunni:

*„Mikil andstaða hefur verið gegn því í hlutaðeigandi sveitarfélögum að Blöndulína 3 verði lögð ofanjarðar eins og hún er sýnd í áætlunum Landsnets. Ekki er því ljóst hvar og hvernig hún verður lögð. Jafnframt er andstaða við það að loftlína verði lögð þvert yfir Eyjafjörð í bæjarlandi Akureyrar og sunnan Akureyrarflugvallar. Að svo stöddu eru því ekki forsendur til að skilgreina legu hennar og gerð í Svæðisskipulagi Eyjafjarðar“.*

Svo virðist sem túlkun á orðalagi í kafla 3.4.4 í auglýstri skipulagstillögu hafi verið misvísandi. Til að taka af allan vafa hefur eftirfarandi setningu verið bætt inn í textann:

*”Skilgreindar flutningsleiðir raforku í gildandi aðalskipulagi hvers sveitarfélags halda gildi sínu þar til ákvörðun er tekin um breytingar”.*

## **Skipulagsstofnun.**

**Til:** Bréf Skipulagsstofnunar dags. 27. ág. 2013, umsögn um umhverfisskýrslu vegna Tillögu að Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012 – 2024.

Á fundi Svæðisskipulagsnefndar Eyjafjarðar hinn 9. sept. 2013 var til umfjöllunar afgreiðsla athugasemda/umsagna sem borist höfðu við tillögu að Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012 – 2024. Athugasemdafrestur rann út 30. ágúst 2013 og bárust athugasemdir/umsagnir frá tveimur aðilum auk Skipulagsstofnunar. Skipulagsnefndin samþykkti á umræddum fundi að senda tillögu sína að svæðisskipulaginu ásamt athugasemdunum og tillögu að afgreiðslu þeirra til viðkomandi sveitarstjórna samanber 2. mgr. 25. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Allar sveitarstjórnirnar hafa nú samþykkt tillögur nefndarinnar án athugasemda og er sú niðurstaða bókuð á fundi hennar hinn 26. nóv. 2013.

Umsögn/ábendingar Skipulagsstofnunar eru í tveimur liðum og hefur Svæðisskipulagsnefndin afgreitt þær með eftirfarandi hætti:

**Fyrri ábending:** „Að mati skipulagsstofnunar þarf að koma fram í kafla 4 undir yfirskriftinni “vöktun og mótvægisáðgerðir” að gæði sjávar, ár og vötn verði vöktuð sbr. áform um að vöktunaráætlun verði unnin fyrir árið 2015”.

**Afgreiðsla nefndarinnar:** Athugasemdin á við greinargerð skipulagstillögunnar og samantekt umhverfisskýrslu í 4. kafla hennar en ekki umhverfisskýrslu. Texti í 4. kafla verður samræmdur stefnu og ákvæðum sem fram koma í kafla 3.5.2.

**Síðari ábending:** „Minnt er á að við endanlega samþykkt skipulagsáætlunarinnar þarf að liggja fyrir greinargerð svæðisskipulagsnefndar um hvernig umhverfissjónarmið hafa verið felld inn í áætlunina og hvernig höfð hefur verið hliðsjón af umhverfisskýrslu, umsögnum og athugasemdum sem bárust á kynningartíma sbr. 9. gr. laga um umhverfismat áætlana.“

**Afgreiðsla nefndarinnar.** Gefur ekki tilefni til ályktunar.